

Starfskjarastefna Nýherja hf. skv. 79. grein laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Stefna stjórnar Nýherja hf. um starfskjör stjórnenda og starfsmanna hefur það að markmiði að laða að mjög hæft starfsfólk.

Auk fastra launa er heimilt að veita stjórnendum og starfsmönnum aukagreiðslur, fríðindi eða aðra umbun meðal annars með eftirfarandi hætti:

1. Með afnotum tækja og búnaðar sem tengist starfi, svo sem farsíma, fartölvu, PC tölvu, nettengingu frá heimili til vinnustaðar og annars áþekks búnaðar sem nýtist starfsmanni í hans störfum. Einnig er heimilt að starfsmenn hafi bifreið til afnota ef þörf krefur.
2. Með árangurstengdum kaupaukum. Félagið getur greitt kaupauka sem byggja á árangri einstakra stjórnenda eða starfsmanna í starfi. Greiðsla kaupauka tengist ýmist árangri samstæðunnar í heild, beinum árangri starfsmanns eða afkomu þeirrar deildar sem hann starfar innan.
3. Með kauprétti að hlutabréfum. Stjórn Nýherja hf. getur veitt stjórnendum kauprétt að hlutabréfum í félaginu og/eða dótturfélögum þess, og er gerð grein fyrir kauprétti stjórnenda í Nýherja hf. í ársreikningi félagsins, reglum samkvæmt. Stjórnin getur í einstökum tilfellum tryggt sölurétt stjórnenda á hlutabréfum, sem þeir eiga kauprétt á í Nýherja hf. eða dótturfélögum.
4. Félagið veitir stjórnendum eða starfsmönnum ekki lán vegna hlutabréfakaupa eða annars nema í undantekningartilfellum og þá með heimild stjórnar.
5. Nýherja hf. greiðir hlut vinnuveitanda til lífeyrissjóða fyrir stjórnendur og starfsmenn samkvæmt lögum og almennum samningum sem tíðkast á vinnumarkaði. Félagið greiðir ekki aukalega í lífeyrissjóð fyrir stjórnendur félagsins, nema með samþykki stjórnar. Stefna félagsins er að gera ekki eftirlaunasamninga við stjórnendur félagsins og eru engir slíkir í gildi.
6. Stefna Nýherja er að ekki séu gerðir sérstakir starfslokasamningar við stjórnendur eða starfsmenn í ráðningarsamningum, heldur gildi almenn gagnkvæm uppsagnarákvæði eins og almennt tíðkast á vinnumarkaði. Fyrir starfsmenn Nýherja og dótturfélaga gildir almennt gagnkvæmur þriggja mánaða uppsagnarfrestur eða uppsagnarákvæði samkvæmt kjarasamningum stéttarféлага. Stjórnin áskilur sér rétt til að gagnkvæmur uppsagnarfrestur sé allt að 12 mánuðir, einkum þar sem slíkur uppsagnarfrestur tíðkast svo sem vegna stjórnenda erlendis.

Ofangreind atriði eru meginþættir í starfskjarastefnu Nýherja hf. gagnvart stjórnendum eða starfsmönnum félagsins. Þessi starfsmannastefna er kynnt á aðalfundi Nýherja hf. þann 26. janúar 2007.